

Mosfellsbær  
Finnur Birgisson,  
skipulagsfulltrúi  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. janúar 2015  
Tilvísun: UST20150100010/ksj

### Lýsing. Þingvallavegur í Mosfellsdal tillaga að deiliskipulagi.

### Lýsing. Tillaga á breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 - 2030, í landi Selholts.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 29. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal og næsta umhverfis hans.

Í lýsingu kemur fram að í tillögu að deiliskipulagi verður fjallað um gerð vegar og útfærslu gatnamóta; hliðarvegi, stíga, gangbrautir og undirgöng, gangandi, ríðandi og hjólandi umferð; biðstöðvar strætó og hraðatakmarkandi aðgerðir. Einnig verður fjallað um merkingar og skilti, landslagsmótun og gróðursetningu og áfangaskiptingu framkvæmda. Þingvallavegur í Mosfellsdal er rúmlega 3 km langur kafli, frá stað skammt vestan Suðurárbrúar og austur fyrir Gljúfrastein. Helgunarsvæði vegarins er 30 m í hvora átt frá miðlinu. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Í sama erindi óskar skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 - 2030 í landi Selholts sunnan Leirtjarnar í ofanverðum Mosfellsdal. Áætlað er að breyta landnotkun á um 15,5 ha svæði úr landbúnaðarsvæði í afþreyingar og ferðamannasvæði. Áætlað er að á svæðinu sunnan Leirtjarnar verði reistur víkingabær þar sem verði um 15 einnar hæðar hús og að þar verði komið fyrir aðkomusvæði fyrir bíla og rútur.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að væntanleg fráveita á svæðinu skal uppfylla kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

### Vatnsverndarsvæði/grannsvæði

Fram kemur í lýsingu að ofangreint svæði er á grannsvæði vatnsbóls. Um grannsvæði segir í reglugerð nr. 533/2001: *'Grannsvæði.*


*Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og*

*lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.*"

Umhverfisstofnun bendir á að skv. ofangreindu eru takmarkanir á landnotkun innan grannsvæðis vatnsbóla.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur